

Nd.

473. Nefndarálit

[18. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 22. apríl 1967, um Landhelgisgæzlu Íslands.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Eins og fram kemur á sérstöku þskj., leggur meiri hluti allsherjarnefndar til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Undirritaðir nefndarmenn leggja hins vegar til, að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu, sem getur á þskj. 474, þ. e. að ekki verði bundið í lögum, hvar byggja skuli yfir Landhelgisgæzluna.

Frv. þetta var rætt á nokkrum fundum nefndarinnar í nóv. og des. s. l. Nefndin fékk á sinn fund ráðuneytisstjórnann í dómsmálaráðuneytinu og forstjóra Landhelgisgæzlunnar, og veittu þeir ýmsar upplýsingar.

Varaformaður nefndarinnar óskaði eftir því við forstjóra Landhelgisgæzlunnar, að hann veitti upplýsingar um, hver kostnaður yrði við smíði nýs varðskips. Upplýsti forstjórinn, að smíðakostnaður hliðstæðs skips og Ægis hefði verið talinn 1971 22 millj. danskar kr.

Meiri hluti nefndarinnar taldi þetta ekki nægilegar upplýsingar, auk þess sem ekki lægi fyrir, hver kostnaður yrði við að byggja upp aðstöðu fyrir Landhelgisgæzluna í landi. Varð því frv. þetta ekki afgreitt fyrir afgreiðslu fjárlaga 1973.

Af sömu ástæðu leggst meiri hl. nefndarinnar enn gegn samþykkt frv., auk þess sem hann telur, að séð hafi verið fyrir fjárþörfum Landhelgisgæzlunnar með heimild í fjárlögum til að taka lán allt að 100 milljónir króna.

Það er skoðun undirritaðra nefndarmanna, að ekki sé ástæða til að bíða eftir sundurliðuðum áætlunum um þennan kostnað, heldur beri þegar að fara að safna í sjóð, auk þess sem lán þurfa að endurgreiðast.

Með hliðsjón af þeim góðu undirtektum, sem frv. þetta fékk við umræður á hv. Alþingi 18. október s. l., treysta undirritaðir nefndarmenn því, að meiri hluti þingmanna sé meðmæltur frv.

Sérstök ástæða er til að benda á undirtektir hæstv. forsætisráðherra, en hann sagði við 1. umr. um frv.: „Og vissulega er það rétt, sem fram kemur í þessu frv. eða grg. með því, að tekjustofnar þeir, sem Landhelgissjóður hefur átt við að búa, hafa verið óvissir og eru í eðli sínu óvissir. Og það er auðvitað aldrei gott að þurfa að byggja á slíkum óvissum og breytilegum tekjustofnum, sem geta gefið góða upphæð þetta árið, en e. t. v. litla upphæð annað árið. Og þess vegna er það, að ég fagna þeirri hugsun, sem kemur fram í þessu frv., að það skuli bundið í lögum, að Landhelgissjóði skuli alltaf tryggð tiltekin lágmarksfjárhæð.“

Síðar í ræðunni segir forsætisráðherra:

„Aðalatriðið er að festa ákveðinn tekjustofn.“

Á þessi atriði leggjum við undirritaðir nefndarmenn áherzlu og mælum með því, að frv. verði samþykkt með áður nefndri breytingu.

Alþingi, 30. marz 1973.

Ólafur G. Einarsson,
frsm.

Pétur Pétursson.

Ellert B. Schram.